Nr. 730 20. júní 2023

# GJALDSKRÁ

**fyrir byggingarleyfis-, skipulags- og þjónustugjöld í Grindavíkurbæ.**

1. gr.

Við útgáfu byggingarleyfa og vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og umhverfissvið Grindavíkurbæjar veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um. Gjaldtakan er byggð á heimild í lögum um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslögum nr. 123/2010.

**1.1. Íbúðarhúsnæði.**

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðal- og séruppdrátta sem nauðsynlegir eru til að fullgera bygginguna að innan sem utan. Innifalið í gjaldinu er byggingarleyfisgjald, gjald vegna út- og hæðarsetningar lóðar, lögbundið byggingareftirlit og vottorð vegna lokaúttektar. Önnur gjöld sem til falla fara eftir 2. gr. gjaldskrár þessarar.

| | | kr. | |
|---|---|---|---|
| 1.1.1 | Einbýlishús | 201.168 | |
| 1.1.2 | Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð | 170.118 | pr. íbúð |
| 1.1.3 | Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum | 145.318 | pr. íbúð |
| 1.1.4 | Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri | 126.566 | pr. íbúð |
| 1.1.5 | Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri | 109.851 | pr. íbúð |

**1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir, húsnæði með íbúðum.**

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðal- og séruppdrátta sem nauðsynlegir eru til að fullgera bygginguna að innan sem utan. Innifalið í gjaldinu er byggingarleyfisgjald, gjald vegna út- og hæðarsetningar lóðar, lögbundið byggingareftirlit og vottorð vegna lokaúttektar. Önnur gjöld sem til falla fara eftir 2. gr. gjaldskrár þessarar.

| | | kr. |
|---|---|---|
| 1.2.1 | Gólfflötur allt að 500 fermetrar | 201.168 |
| 1.2.2 | Gólfflötur 500 til 1.000 fermetrar | 352.293 |
| 1.2.3 | Gólfflötur 1.001 til 2.000 fermetrar | 518.564 |
| 1.2.4 | Gólfflötur 2.001 til 5.000 fermetrar | 764.915 |
| 1.2.5 | Gólfflötur stærri en 5.000 fermetrar | 1.014.932 |

**1.3. Breytingar á húsnæði, ýmis hús og hvers konar viðbyggingar.**

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðal- og séruppdrátta sem nauðsynlegir eru til að fullgera bygginguna að innan sem utan. Innifalið í gjaldinu er byggingarleyfisgjald, lögbundið byggingareftirlit og vottorð vegna lokaúttektar. Önnur gjöld sem til falla fara eftir 2. gr. gjaldskrár þessarar.

| | | kr. | |
|---|---|---|---|
| 1.3.1 | Sólstofur, garðhús, bílageymslur fyrir mest 2 bíla, gripahús og viðbyggingar allt að 20 fermetrar | 89.936 | |
| 1.3.2 | Viðbyggingar 20 til 100 fermetrar | 785 | pr. ferm. |
| 1.3.3 | Breyting á þegar byggðum mannvirkjum | 62.082 | |

Gjöld samkvæmt 1.3.2 koma til viðbótar við gjaldalið 1.3.1 þegar mannvirki eru stærri en 20 fermetrar. Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af húsnæðinu sem byggt er við.

2. gr.

**2.1. Afgreiðslu- og þjónustugjöld byggingarfulltrúa.**

Fyrir neðangreinda umsýslu ber að greiða eftirtalin gjöld, sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010:

| | | kr. |
|---|---|---|
| 2.1.1 | Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar, óendurkræft | 47.520 |

| | | |
|---|---|---|
| 2.1.2 | Tilkynning um framkvæmd | 18.855 |
| 2.1.3 | Yfirferð aðal- og séruppdrátta | 26.650 |
| 2.1.4 | Hver endurskoðun aðal- og séruppdrátta | 19.466 |
| 2.1.5 | Endurnýjun byggingarleyfis án breytinga | 18.481 |
| 2.1.6 | Vottorð/umsögn byggingarfulltrúa | 18.500 |
| 2.1.7 | Eignaskiptayfirlýsing, hver eignarhluti | 9.456 |
| 2.1.8 | Breyting á lóðarleigusamningi | skv. reikningi |
| 2.1.9 | Útsetning húss eða lóðar, aðkeypt þjónusta | skv. reikningi |
| 2.1.10 | Breytingar á uppdráttum og lóðarblöðum, aðkeypt þjónusta | skv. reikningi |
| 2.1.11 | Útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft | 14.920 |
| 2.1.12 | Aukagjald vegna útlagðs kostnaðar þegar lóð er endurúthlutað | skv. reikningi |
| 2.1.13 | Rafræn undirritun teikninga | 250 pr. stk. |
| 2.1.14 | Tímagjald byggingarfulltrúa | 17.407 |
| 2.1.15 | Tímagjald lögfræðings skipulags- og umhverfissviðs | 17.407 |
| 2.1.16 | Tímagjald aðstoðarmanns byggingarfulltrúa | 15.407 |

3. gr.

*Stöðuleyfi.*

Innheimt í samræmi við 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og kafla 2.6 í byggingarreglugerð. Varðandi torgsölu á bæjarhátíðardögum eins og Sjóaranum síkáta og 17. júní er vísað til reglna frá frístunda- og menningarsviði Grindavíkurbæjar.

| | | kr. |
|---|---|---|
| 3.1 | Stöðuleyfi fyrir gáma, báta og frístundahús í smíðum | 31.980 |
| 3.2 | Stöðuleyfi fyrir söluvagna og söluskúra til allt að 6 mánaða | 66.624 |
| 3.3 | Stöðuleyfi fyrir söluvagna og söluskúra til allt að 12 mánaða | 106.598 |

4. gr.

*Skipulagsfulltrúi.*

Vegna vinnu skipulagsfulltrúa skal innheimta gjöld samkvæmt liðum er fram koma í þessari grein. Gjaldtakan er byggð á heimild í skipulagslögum nr. 123/2010 (m.a. 13., 14., 20., 38., 43. og 44. gr.)

**4.1. Framkvæmdaleyfi.**

Innheimt samkvæmt 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

| | | kr. |
|---|---|---|
| 4.1.1 | Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga nr. 111/2021 | 191.956 |
| 4.1.2 | Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir | 101.977 |
| 4.1.3 | Eftirlit umfram viðmiðunargjald | 39.591 |

**4.2. Þjónustugjöld vegna aðalskipulags.**

Innheimt samkvæmt 20. og 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

| | | kr. |
|---|---|---|
| 4.2.1 | Breytingar á aðalskipulagsuppdrætti (36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010) aðkeypt þjónusta | skv. reikningi |
| 4.2.2 | Umsýslu- og auglýsingakostnaður (1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010) | 191.956 |
| 4.2.3 | Breytingar á aðalskipulagsuppdrætti (36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010) – óveruleg breyting | 125.971 |
| 4.2.4 | Umsýslu- og auglýsingakostnaður (2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010) | 95.000 |

**4.3. Þjónustugjöld vegna deiliskipulags.**

Nýtt deiliskipulag.

| | | kr. |
|---|---|---|
| 4.3.1 | Deiliskipulagsgerð | skv. reikningi |
| 4.3.2 | Umsýslu- og auglýsingakostnaður | 191.956 |

Deiliskipulagsbreyting, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

| | | kr. |
|---|---|---|
| 4.3.3 | Deiliskipulagsgerð | skv. reikningi |
| 4.3.4 | Umsýslu- og auglýsingakostnaður | 140.000 |

Deiliskipulagsbreyting, sbr. 2. og 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

| | | kr. |
|---|---|---|
| 4.3.5 | Deiliskipulagsgerð | skv. reikningi |
| 4.3.6 | Umsýslu- og auglýsingakostnaður (2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010) | 77.982 |
| 4.3.7 | Umsýslu- og auglýsingakostnaður (3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010) | 33.592 |

**4.4. Grenndarkynning og önnur þjónustugjöld skipulagsfulltrúa.**

Innheimt samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þegar grenndarkynning er umfangsmeiri en það sem það meðalgjald hér að neðan gefur til kynna er heimilt að innheimta aukagjald samkvæmt tímagjaldi skipulagsfulltrúa.

| | | kr. |
|---|---|---|
| 4.4.1 | Grenndarkynning á umsókn | 35.992 |
| 4.4.2 | Tímagjald skipulagsfulltrúa | 17.407 |

5. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslög nr. 123/2010 enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

6. gr.

*Breytingar á fjárhæð gjalda.*

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu (grunnur 2021) í desember 2022 (110,2 stig) og taka breytingum 1. dag hvers mánaðar til samræmis við breytingar á vísitölunni.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1531/2022.

*Samþykkt í bæjarstjórn Grindavíkurbæjar, 20. júní 2023.*

**Fannar Jónasson** bæjarstjóri.

---